

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1503*  
*komudagur 7.3. 2007*

**BORGARFJARÐARHREPPUR**

Hreppsstofu 720 Borgarfjörður

Kt 480169-6549 Vsk 23085

Sími 472 9999 Fax 472 9995

**Samgöngunefnd Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Hreppsstofu, 27. feb. 2007**

*Mál 07-073*

**Varðandi samgönguáætlun 2007 -2010**

Sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps fer þess á leit við samgöngunefnd að hættulegur vegkaflí á Borgarfjarðarvegi verði byggður upp og klæddur á fyrsta tímabili samgönguáætlunarinnar og veitt verði fé í það verkefni.

**Kaflinn sem um ræðir er frá Lagarfossvegi að klæðingarenda við Hól um 4,2 km að lengd í Hjaltastaðarþinghá á Út-Héraði.**

Borgarfjarðarvegur nr 94 nær frá Egilsstöðum í Borgarfjörð eystri og er um 70 km. Á þessari leið hefur lítið sem ekkert verið gert í vegaframkvæmdum á síðustu árum. Umferð á Borgarfjarðarvegi er alltaf að aukast og mikil sumarumferð hefur verið á veginum seinustu ár. Þetta er að miklum hluta malarvegur sem illa hefur gengið að halda við vegna aukinnar umferðar.


Kaflinn frá **Lagarfossvegi að klæðingarenda við Hól** er sínu verstur hvað þetta varðar. Á þessum kafla eru slæmar blindhæðir og beygjur. Efnið í veginum er að mestu það sem við köllum „steypumöl“ úr Lagarfljóti/Jökulsá og er slæmt vegargerðarefni vegna þess hversu laust það er í yfirborði vegarins. Þessum vegarkafla er mjög erfitt að halda góðum í þurrkatíð. Þá fer hann allur í þvottabretti og lausir malarhryggir myndast í miðju hans og í köntum, en í rigningum fer hann í vatnsholur og hjólför.


Á síðustu árum hefur verið nokkuð um útafakstur og bílveltur á þessum kafla vegna óásættanlegs yfirborðs og slæmrar legu vegarins. Einnig má benda á að burður á hluta þessa kafla er mjög lítill.

Það er mikið hagsmunamál fyrir okkur Borgfirðinga að þessi kaflí verði byggður upp sem fyrst.

Vonum við að samgöngunefnd sjái sér fært að verða við þessari beiðni.

Virðingarfyllst

  
Jakob Sigurðsson  
oddviti

  
Steinn Eiríksson  
sveitarstjóri

*Afrit sent til:*

Samgönguráðherra

Þingmanna NA kjördæmis

Vegagerðarinnar

Bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs